

## Aðstoðarskólastjóri óskast í Grunnskólann í Þorlákshöfn

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn eru um 260 börn í 1. – 10. bekk og um 60 starfsmenn. Í skólanum fer fram metnaðarfullt starf með áherslu á leik, sköpun, gleði og vellíðan. Sveitarfélagið Ölfus er heilsueflandi samfélag og er unnið í þeim anda sem styður við að innleiða heilbrigði og velferð í skólastarfinu. **Einkunnarorð skólans eru: Vinátta, virðing og vellíðan.**

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er starfað eftir hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ sem kennir sjálfstjórn og ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Skólinn tekur þátt í verkefnum „Skólar á grænni grein“ og „Heilsueflandi grunnskóli“.

### Menntunar og hæfniskröfur aðstoðarskólastjóra:

- ✓ Kennsluréttindi og kennslureynsla í grunnskóla
- ✓ Reynsla af stjórnun og stjórnunarstörfum í grunnskóla
- ✓ Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- ✓ Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni
- ✓ Þekking og reynsla af uppeldi til ábyrgðar og teymiskennslu
- ✓ Sýnir metnað í starfi, sjálfstæði, drifkraft og áhuga fyrir skólaþróun
- ✓ Hefur skipulagshæfileika og er tilbúin/n að leita nýrra leiða í skólastarfinu
- ✓ Íslenskukunnátta á stigi C2 samkvæmt samevrópska matskvarðanum

### Starfssvið aðstoðarskólastjóra:

- ✓ Stýrir faglegu starfi út frá stefnu skólans
- ✓ Er staðgengill skólastjóra og sinnir verkefnum sem skólastjóri felur honum
- ✓ Er deildarstjóri á unglingsstigi
- ✓ Stýrir teymiskennslu á unglingsstigi
- ✓ Stýrir verkefnum tengt heilsueflandi grunnskóla
- ✓ Vinnur að öflugu samstarfi innan og utan skólasamfélagsins
- ✓ Starfar í anda laga um farsæld barna

Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans, <https://www.olfus.is/grunnskolin>

**Umsóknarfrestur er til 1. júní 2024 en ráðning í stöðu aðstoðarskólastjóra miðast við 1. ágúst 2024.**

Bent er á að samkvæmt lögum þurfa umsækjendur að samþykkja heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá. Starfið hentar öllum kynjum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Umsókn skal berast til sviðsstjóra fjölskyldu og fræðslusviðs Ölfuss, [jmh@olfus.is](mailto:jmh@olfus.is)

Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna M. Hjartardóttir, sviðsstjóri fjölskyldu og fræðslusviðs Ölfuss, í síma 4803800 eða til [jmh@olfus.is](mailto:jmh@olfus.is)